

# Námskrá í flutningagreinum. Uppsetning námsbrautar fyrir flutningagreinina

Verkefni til að móta ramma um námskrá í flutningagreinum.  
2013 - 2014

Starfsgreinaráð samgöngu-, farartækja- og flutningagreina,  
IÐAN, Tækniskólinn, Verkmenntaskólinn á Akureyri.

# Verkefnið og þátttakendur

- Sótt um styrk í Nám er vinnandi vegur vorið 2013 til að útbúa námskrá í flutningagreinum.
- IÐAN, Tækniskólinn og VMA höfðu komið að þessu áður þegar unnin var þarfagreining um nám í flutningagreinum, Attendus vann skýrsluna.
- Fólkið í vinnuhópnum: Edda Jóhannesdóttir starfsmaður IÐUNNAR, Vilbergur Magni Óskarsson skólastjóri Skipstjórnarskólans og Helga Rakel Þorgilsdóttir kennari í Tækniskólanum og Jóhannes Árnason kennari við VMA. Jón B. Stefánsson skólameistari Tækniskólans og Hjalti Jón Sveinsson skólameistari VMA fylgdust með vinnunni.
- Að mestu unnið á vorönn 2014. Fengnir frestir vegna verkfalls og fleiri ástæðna. Skýrslu skilað í maí 2014 og unnið áfram haustið 2014.

# Skýrsla vinnuhóps

## Skýrsla um aðalatriði, forsendur og álitamál.

Viðaukar:

- **Viðauki 1** - Fundargerðir vinnuhópsins.
- **Viðauki 2** - Greining á markmiðum úr matslistum fyrir raunfærnimat - Mímir.
- **Viðauki 3** - Greining á markmiðalistum úr Þarfagreiningu fyrir nám í flutningafræðum sem Attendus vann fyrir starfsgreinaráðið.
- **Viðauki 4** - Áfangalýsingar fyrir sérgreinaáfanga sem þegar eru kenndir í mörgum framhaldsskólum.
- **Viðauki 5** - Námsbrautarlýsingar.
- **Viðauki 6** - Umfjöllun um vinnustaðanám.
- **Viðauki 7** - Áfangar í sérgreinum í flutningafræði og vinnustaðanámi.
- **Viðauki 8** - Glærुकyning

# Grunnforsendur

- Námið falli að öðru námi á framhaldsskólastigi.
- Námið sé þrepaskipt og útgönguleiðir á öllum þrepum.  
Hægt verði að útskrifast af fyrsta þrepi (litlar bóknámskröfur).  
Útskrift af öðru þrepi er 2 - 3 ára nám sambærilegt mörgum öðrum námsbrautum.  
Námi á þriðja þrepi ljúki með stúdentsprófi með sérhæfingu í flutningagreinum.
- Viðurkennt sé að færni og hæfni úr ýmsum áttum komi að gagni í flutningastarfsemi, þannig verði nám á öðrum brautum metið inn sem gagnlegt nám.

# Útfærslur

- Vinnustaðanám verði umtalsverður hluti námsins og að það verði jafnt á ábyrgð skóla, nemanda og vinnustaðar. Skólinn skipuleggi vinnustaðanámið.
- Sveigjanlegt hvernig námið fer fram. Hópur í skóla, blandað nám í skóla og fjarnámi, starfsmaður fyrirtækis í námi með vinnu.
- Hæfnikröfur og efnisþættir, formið verði útfært miðað við aðstæður.
  - Eftir er að endurskoða hæfnikröfur í áföngum, fagmaður þarf að sjá um það.
  - Skólar geti ákveðið form námsins miða við fjölda nemenda og aðstæður.

# Námsbraut í flutningagreinum á fyrsta þrepi.

## FLBR 1

- Lágmark 60 einingar ? fein alls á framhaldsskólastigi. Um það bil 4 annir.
- Sérgreinar lágmark 18 einingar.  
Öryggisfræði, skyndihjálp og skyldar greinar (á flestum starfsnámsbrautum).  
Vinnuvélanám og réttindi.  
Flutningafræði, skólanám, "bóklegt" 10 einingar eða fleiri.  
Vinnustaðanám 8 einingar eða fleiri.
- Aðrar námsgreinar 42 einingar eða færri:  
Geta verið upprifjunaráfangar í almennum greinum 193 áföngum.  
Ýmsar greinar t.d. á almennum námsbrautum.  
Bóknámsgreinar og aðrar sem tilheyra flestum námsbrautum.  
Sérgreinar annarra starfsnámsbrauta. (Matvælanám, málmiðnanám, grunndeildir flestra iðn- og starfsnámsbrauta, verslunarnám.)

# Námsbraut í flutningagreinum á öðru þrepi.

## FLBR 2

- Lágmark 70 einingar ? fein alls á framhaldsskólastigi. Um það bil 4 annir.
- Sérgreinar lágmark 30 einingar.  
Öryggisfræði, skyndihjálp og skyldar greinar (á flestum starfsnámsbr.)  
Vinnuvélanám og réttindi.  
Flutningafræði og viðskiptagreinar, skólanám, "bóklegt". 18 einingar eða fleiri.  
Vinnustaðanám 12 einingar eða fleiri.
- Aðrar námsgreinar 40 einingar eða færri:  
Gerðar kröfur um almennar bóklegar greinar (ÍSL, STÆ, ENS, DAN, FÉL...)  
Bóknámsgreinar og aðrar sem tilheyra flestum námsbrautum.  
Sérgreinar annarra starfsnámsbrauta. (Matvælanám, málmiðnanám, grunndeildir flestra iðn- og starfsnámsbrauta, verslunarnám.)

# Námsbraut í flutningagreinum á þriðja þrepi.

## FLBR 3

- Lágmark 140 einingar ??? fein alls á framhaldsskólastigi. U.þ.b. 8 annir.
- Sérgreinar lágmark 42 einingar.  
Öryggisfræði, skyndihjálp og skyldar greinar (á flestum starfsnámsbr.)  
Vinnuvélanám og réttindi.  
Flutningafræði og viðskiptagreinar, skólanám, "bóklegt". 30 einingar eða fl.  
Vinnustaðanám 12 einingar eða fleiri.
- Aðrar námsgreinar 98 einingar eða færri:  
Gerðar kröfur um almennar bóklegar greinar til stúdentsprófs.  
Bóknámsgreinar og aðrar sem tilheyra flestum námsbrautum.  
Sérgreinar annarra starfsnámsbrauta. (Matvælanám, málmiðnanám, grunndeildir flestra iðn- og starfsnámsbrauta, verslunarnám.)



# Næstu skref

Eftir er að fullvinna námskrána, í því felst:

- Að ljúka við uppsetningu samkvæmt fomlegum kröfum ráðuneytis.
- Skrifa lýsingar á sérgreinum í vinnustaðanámi og flutningafræði.
- Viðmið um mat á starfsreynslu og útfærslur á vinnustaðanámi.
- Hafa verður í huga að þótt námsskrá verði útfærð er eftir að skipuleggja kennslu og finna eða skrifa námsefni.